

Ed.

301. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 70 27. júní 1921, um útflutningsgjald.

(Eftir 3. umr. i Nd.).

1. gr.

1. gr. laga nr. 70 27. júní 1921 hljóði svo:

Af öllum islenzkum afurðum, öðrum en landbúnaðarafurðum, sem fluttar eru til útlanda, með þeim undantekningum, sem getið er um í 2. gr., skal greiða útflutningsgjald í ríkissjóð, er nemi 1½% af verði afurðanna.

2. gr.

Á eftir 1. gr. komi ný grein, 2. gr., svo hljóðandi:

Af hverjum 100 kg. af sildarmjöli skal greiða í ríkissjóð kr. 1.00. Af hverjum 100 kg. af óþurrkuðum fiskúrgangi kr. 0.50. Af hverjum 100 kg. af sild, sem flutt er út óunnin til bræðslu, kr. 0.25. Af hverjum 100 kg. af fiskúrgangi, hausum og beinum, þurrkuðum og ónunnum, kr. 3.00.

Greinatalan breytist samkvæmt þessu.

3. gr.

4. gr., sem verður 5. gr., hljóði svo:

Til afurða þeirra, er í 1. gr. getur, telst afli af skipum, sem hafa rétt til þess að fiska í landhelgi og gera það að einhverju leyti, eða verka hann í landhelgi, þótt eigi sé fluttur í land. Ennfremur nær gjaldið til afla, sem veiddur er utan landhelgi, ef hann er saltaður, verkaður eða fluttur á milli skipa á höfnum inni eða í landhelgi. Sömuleiðis til afla á islenzkum skipum, þótt ekki sé hann veiddur eða verkaður í landhelgi.

Hverskonar aðgerð á afla telst verkun, t. d. ef afli er saltaður, isaður, slægður o. s. frv.

4. gr.

Eftir 10. gr., sem verður 11. gr., kemur ný grein, svo hljóðandi:

½ hluti tekna þeirra, er fást samkvæmt 1. gr. laga þessara, skal ganga

sem framlag rikissjóðs til ræktunarsjóðs Íslands, unz framlög rikissjóðs til hans samkv. l. nr. 11 1925 og þessum lögum hafa numið samtals 1 millj. kr.

5. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin:

Lög nr. 11 29. maí 1925, um breyting á l. nr. 70 1921, um útflutningsgjald o. fl.

Lög nr. 60 27. júní 1921, um útflutningsgjald á sild o. fl.

Lög nr. 52 8. sept. 1931.

Lög nr. 27 11. nóv. 1899, um útflutningsgjald af hvalafurðum.

Lög nr. 58 19. júní 1933, um breyting á l. nr. 70 1921.

Lög nr. 2 5. jan. 1934, um breyting á l. nr. 52 1931.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þá er þau hafa öðlzt staðfesting konungs, skal færa þau inn i meginmál laga nr. 70 27. júní 1921, og gefa þau út að nýju svo breytt.